

Styrkur úr þróunarsjóði leikskóla í Garðabæ
Vináttuverkefni Barnaheilla

Lokaskýrsla - Styrkur úr þróunarsjóði leikskóla

Flataskóli 4 og 5 ára bekkur

Vináttuverkefni Barnaheilla

Verkefnastjóri: Fanney Ófeigsdóttir

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Markmiðið með verkefninu er að byggja upp forvarnir gegn einelti hjá börnum strax á leikskólaaldri. Það læra börnin í gegnum leik og starf með kennara sínum og bangsanum Blæ. Leitast er eftir að hafa verkefnið og leikina sem fjölbreyttasta. Á þann hátt getur hver einstaklingur unnið sem best með sína styrkleika og æft sig í samskiptum við aðra. Þannig getu börnin lagt sitt að mörkum í að rækta og styrkja samskipti við félagasína og sýnt og styrkt vináttu, umhyggju og hugrekki.

Leiðir til að ná markmiði:

Vináttuverkefnið fór af stað hjá 4 ára börnum í nóvember 2016 en í janúar 2017 hjá 5 ára börnunum. Þær leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum verkefnisins voru þær að hver hópur var með tvær kennslustundir í viku í Vináttuverkefninu. Í hverri viku var ákveðið viðfangsefni tekið fyrir samkvæmt kennsluleiðbeiningum. Börnin fengu að fræðast um vináttu í gegnum leik, söng, umræður og einnig var bangsinn Blær kynntur til sögunnar. Öll börn fengu sinn bangsa hver. Þau byggðu honum hús, hver fyrir sig og skreyttu. Börnin gáfu sínum bangsa nafn því samkvæmt Barnasáttmálanum eiga öll börn rétt á nafni.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Engar merkjanlegar hindranir eða frávik á þessu verkefni.

Mat á verkefninu:

Við erum ánægð með Vináttuverkefni Barnaheilla og komum til með að nota það áfram. Börnin voru spennt og ánægð með verkefnið og bangsinn vakti mikla lukku. Starfsfólk var einnig ánægt með efnið og taldi það gott, skemmtilegt og aðgengilegt. Árangur var góður og voru börnin meðvitaðri um framkomu sína, þau þekkja orðið ýmiss gildi sem notuð eru í samskiptum og eru örugg í hópnum.

Í maí var verkefninu gerð skil með sýningu á sal fyrir nemendur Flataskóla, starfsfólk og foreldra. Börnin komu fram og sögðu frá vináttunni, sýndu myndband þar sem börnin svöruðu spurningunni: Hvað er að vera góður vinur? Sungu lög um vináttuna og sýndu dans/leik sem þau höfðu lært og æft sig á út frá vináttuverkefninu.